



Skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 30.1.2025

Málsnúmer: 202412-0030

IAS

Efni: Vikurnám við Búrfell - matsskýrsla

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 12. desember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um vikurnám við Búrfell, mat á umhverfisáhrifum.

„Steypustöðin Materials ehf. hyggur efnistöku á vikri á Búrfellshólma í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Vikurinn verður fluttur til frekari efnisvinnslu í Vatnsskarðsnámu og fer síðan ýmist í útflutning eða notaður til framleiðslu á íaukum innanlands.

Fyrirhugað efnistökusvæði er um 189 ha að flatarmáli og áætlað er að hægt sé að vinna allt að 4,5 milljón m³ af vikri á svæðinu. Fyrirhugað er að vinna 80-300.000 m³ af vikri á ári í 10-15 ár.“

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn um matsáætlun¹, og breytingu á matsáætlun² vegna sömu framkvæmdar en þá var framkvæmdaraðili Hólasamári ehf.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskýrsluna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Ljóst er að áhrif á jarðminjar verða mikil þar sem vikurlagið verður alveg fjarlægt af svæðinu. Þó vikurinn njóti ekki sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) þá eru þetta þykk og víðáttumikil vikurlög ekki algeng á Íslandi. Efnistaka hefur verið á svæðinu í mörg ár og illa eða ekkert verið gengið frá svæðinu að efnistöku lokinni og áhrif á jarðminjar og ásýnd verið verulega neikvæð. Það ætti að vera sjálfsögð krafa að gengið verði frá fyrra efnistökusvæði áður en stærra svæði verður raskað. Einnig ætti að gera kröfu um að gengið verði frá námunni jafnóðum og sá frágangur tekinn út reglulega meðan á vinnslu stendur. Að mati Náttúrufræðistofnunar er í matsskýrslu ekki nógu vel gerð grein fyrir vinnslunni, áfangaskiptingu hennar og frágangi meðan á vinnslu stendur.

Mikil óvissa er um flutning og staðsetningu geymslu- og vinnslusvæðis fyrir vikurinn. Samkvæmt matsskýrslunni verður ekið með vikurinn að Vatnsskarðsnámu, í landi Grindavíkur ofan við Hafnarfjörð, þar sem hann verður unninn áður en honum verður skipað út í Hafnarfirði. Leiðin liggur fyrst yfir mannvirki Landsvirkjunar við Bjarnarlón og svo eftir Þjórsárdalsvegi og Skeiða- og Hrunamannavegi niður á Hringveg, í gegnum Selfoss, þá niður Eyrarbakkaveg og loks Suðurstrandarveg og Krísuvíkurveg að Vatnsskarðsnámu. Þetta er ekki í samræmi við breytingar á framkvæmdalýsingu sem kynnt var 24. maí 2024 og Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um 31. maí 2024². Þar er talað að mannvirki Landsvirkjunar henti illa fyrir þessa þungaflutninga og því sé til skoðunar að leggja slóða yfir farveg Þjórsár ofan við Tröllkonuhlaup og flytja vikurinn svo Landveg niður að Hringvegi. Ef þetta er enn á áætlun er að mati Náttúrufræðistofnunar nauðsynlegt að fjalla um það í mati á umhverfisáhrifum, ef ekki þarf að gera grein fyrir því hvað hafi breyst. Þá er í matsskýrslu sagt að vikurinn verði fluttur í Vatnsskarðsnámu en einnig kemur fram í matsskýrslunni að til stendur að finna annan stað en



Vatnskarðsnámu til að geyma og vinna vikurinn, líklega við Tjarnarbyggð norðan við Eyrarbakka eða skammt frá Þorlákshöfn. Að mati Náttúrufræðistofnunar er Vatnskarðsnáman óhentug þar sem ekki er æskilegt að þetta miklir flutningar fari um Krísuvíkurveg en gert er ráð fyrir 12-13 ferðum á dag, á dagvinnutíma, sex daga vikunnar þá mánuði sem fært er, gróflega áætlað um 2800 ferðir á ári. Ef önnur staðsetning fyrir geymslu og vinnslu en Vatnskarðsnáma verður fyrir valinu þarf að fjalla um þá breytingu í matsskýrslu.

Lítið er fjallað um möguleg áhrif á vatnalíf í Þjórsá eða Bjarnarlæk. Þó að framkvæmdasvæðið verði alltaf í að minnsta kosti 50 m fjarlægð frá Bjarnarlæk og Þjórsá er alltaf möguleiki að fok frá námusvæðinu berist út í árnar en ekkert er minnst á það í umhverfismatsskýrslu.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

1 [Matsáætlun vegna vikunáms við Búrfell í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.pdf](#)

2 [Viðbótarumsögn vegna breyttra áforma matsáætlunar vegna vikunáms við Búrfell í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.pdf](#)